



REGLUR Á TJALDSVÆÐINU Í KALMANSVÍK Á AKRANESI Á ÍRSKUM DÖGUM

Tjaldsvæðið í Kalmansvík er fjölskyldutjaldsvæði á Írskum dögum. Þetta þýðir að öllum unglungum og ungu fólkni yngra en 23 ára verður vísað frá tjaldsvæðinu, nema um sé að ræða fjölskyldufólk, þ.e. foreldra með börn sín.

Sérstök verðskrá gildir á tjaldsvæðinu í Kalmansvík á Írskum dögum (frá föstudagi til sunnudags). Allir gestir 14 ára og eldri greiða 2.500 kr. fyrir alla helgina, einnig greiðast 1.800 kr. fyrir hvern gististað; tjald, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl og er gistenótttagjald innifalið í þeim kostnaði. Sérstakt gjald er innheimt aukalega fyrir rafmagn, þvottavél og þurrkara samkvæmt gjaldskrá.

Hver gestur fær armband til auðkennis sem gildir sem aðgangur að tjaldsvæðinu þessa helgi. Vinsamlegast athugið að Útilegukortið gildir **ekki** á tjaldsvæðinu í Kalmansvík þessa helgi. Sturtuaðstaða og þvottahús er opin frá kl 07:00-22:00.

Gestir á tjaldsvæðinu eru vinsamlegast beðnir að virða almennar umgengisreglur. Athugið að brot á reglunum varða brottvísun af tjaldsvæðinu:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á tjaldsvæðinu, vinsamlegast leggið bílum á bílastæðum. Öll óþarfa umferð um tjaldsvæðið skapar hættu og er bönnuð. Þetta er fjölskyldutjaldsvæði og börn að leik milli tjalda/húsa og á götum svæðisins.
2. Undantekningarlaust á að vera komin á næturro kl. 23:00 á kvöldin.
3. Verði gæsluaðilar varir við unglingsdrykkju á svæðinu verður málið umsvifalaust kært til lögreglu. Hið sama gildir að sjálfsögðu ef grunur er um fíkniefnaneyslu á svæðinu.
4. Allar skemmdir sem gestir vinna á aðstöðu tjaldsvæðisins eða eignum annarra verða kærðar til lögreglu.

Góða skemmtun á Írskum dögum.

